

REGLUGERÐ

um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2008.

1. gr.

Daggjöld.

Daggjöldum á stofnunum sem ekki eru á föstum fjárlögum er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis og skulu þau vera sem hér segir frá 1. janúar 2008:

A. Hjúkrunarheimili.

Liður	Viðf.	Heiti stofnunar	Daggjald kr.
401	109	Ný hjúkrunarrými	17.209
401	113	Grenilundur, Grenivík	18.895
401	113	Hvammur, Húsavík	16.491
401	113	Helgafell, Djúpavogi	15.913
401	113	Blesastaðir, Skeiðum	18.442
401	113	Sólvellir, Eyrarbakka	15.913
401	113	Roðasalir, Kópavogi	16.515
401	113	Sæborg, Skagaströnd	16.928
401	113	Silfurtún, Búðardal	17.138
401	113	Hlévangur, Reykjanesbæ	18.315
401	113	Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	18.991
405	101	Hrafnista, Reykjavík	18.042
406	101	Hrafnista, Hafnarfirði	17.825
407	101	Grund, Reykjavík	17.398
408	101	Sunnuhlíð, Kópavogi	18.042
409	101	Hjúkrunarheimilið Skjól	17.611
410	101	Hjúkrunarheimilið Eir	17.398
411	101	Garðvangur, Garði	17.876
412	101	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	18.042
413	101	Droplaugarstaðir, Reykjavík	18.042
414	101	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	18.991
415	101	Hulduhlíð, Eskifirði	17.659
416	101	Hornbrekka, Ólafsfirði	18.094
417	101	Naust, Þórshöfn	16.111
418	101	Seljahlíð, Reykjavík	17.659
421	101	Víðines	16.815
423	101	Höfði, Akranesi	17.188
424	101	Dvalarh. aldraðra Borgarnesi	16.901
425	101	Dvalarh. aldraðra Stykkishólmi	16.405
426	101	Fellaskjól, Grundarfirði	16.312
427	101	Jaðar, Ólafsvík	15.522
428	101	Fellsendi, Búðardal	16.405
429	101	Barmahlíð, Reykhólum	16.312

Liður	Viðf.	Heiti stofnunar	Daggjald kr.
433	101	Dalbær, Dalvík	16.491
434	101	Öldrunarstofnun Akureyrar	17.188
436	101	Uppsálar, Fáskrúðsfirði	17.659
437	101	Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands	17.876
438	101	Klausturhólar	17.659
439	101	Hjallatún, Vík	15.716
440	101	Kumbaravogur, Stokkseyri	17.320
441	101	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	17.398
442	101	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	17.320
443	101	Holtsbúð, Garðabæ	18.094
444	101	Vífilsstaðir, Garðabæ	17.746

Daggjald 16.903,50 kr. sem er miðað við RAI 1,00 liggur til grundvallar útreikningi á daggjöldum hjúkrunarrýma.

Daggjald skal greitt þrátt fyrir að vistmaður hverfi af stofnun í stuttan tíma svo sem til aðstandenda yfir helgi eða hátíðar enda hafi heilbrigðisyfirvöld ekki aukakostnað af dvölinni. Fari vistmaður á sjúkrahús til skammtímainnlagnar skal greiða 70% af daggjaldi stofnunar í allt að 30 daga. Ef vistmaður dvelur lengur en 30 daga á sjúkrahúsi ber að sækja um heimild til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins fyrir greiðslu daggjalds umfram 30 daga. Við andlát vistmanns eða þegar vistmaður flytur fyrir fullt og allt af stofnun skal greiða fullt daggjald í allt að 7 daga.

Daggjald skal greitt stofnun vegna krónískra nýrnasjúklinga þegar þeir vegna blóðskilunar eru innritaðir á Landspítala-háskólasjúkrahúsi. Landspítali-háskólasjúkrahús greiðir kostnað vegna lyfjagjafar eins og fyrir aðra blóðskilunarsjúklinga sem skráðir eru inn á sjúkrahúsið.

Greiða skal 1.080 kr. á dag til viðbótar daggjaldi stofnunar fyrir hvern krónískan nýrnasjúkling sem dvelst á stofnun og þarf blóðskilun á Landspítala-háskólasjúkrahúsi.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða daggjöld samkvæmt A-lið 1. gr.

B. Aðrar stofnanir.

Liður	Viðf.	Heiti stofnunar	Daggjald kr.
410	115	Hjúkrunarheimilið Eir	9.162
412	171	Hjúkrunarheimilið Skógarbær, endurhæfingardeild	23.334
415	115	Hulduhlíð, Eskifirði v/MS	8.355
434	115	Öldrunarstofnun Akureyrar v/minnissjúkra	9.162
441	117	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	10.705
470	110	Dvalarheimili aldraðra heyrnarlausra	9.503
472	110	Hlíðarbær, Reykjavík	9.162
473	110	Lindargata, Reykjavík	9.162
474	110	Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	8.355
475	110	Múlábær, Reykjavík	5.711
476	110	Fríðuhús, Reykjavík	9.162
477	110	Roðasalir, Kópavogi	9.162
477	110	Drafnarhús, Hafnarfirði	9.162

Liður	Viðf.	Heiti stofnunar	Daggjald kr.
477	110	Dagvist Eyjafjarðarsveitar	9.162
477	110	Dagvist aldraðra Reykjanesbæ v/minnissjúkra	9.162

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða daggjöld samkvæmt B-lið 1. gr.

2. gr.

Dvalarheimilisgjöld og gjöld fyrir dagvistun.

Daggjöldum vegna dvalarheimila fyrir aldraða og vegna dagvistunar aldraðra er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis og skulu vera sem hér segir frá 1. janúar 2008:

1.	Vistgjald á dvalarheimili fyrir aldraða	kr. 7.400
2.	Gjald á dagvistun fyrir aldraða	4.267

Innifalið í dagvistunargjaldi er nauðsynlegur flutningskostnaður vistmanna. Þeir sem njóta þjónustu dagvistar skulu greiða 725 kr. á dag, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Greiða skal vistgjald til dvalarheimilis fyrir aldraða frá upphafi dvalar og til loka þess mánaðar sem vistmaður er tekinn inn á heimilið. Vistgjald þetta skal ekki hafa áhrif á bætur Tryggingastofnunar ríkisins til vistmannsins, greiðslu Tryggingastofnunar á vistunarframlagi til dvalarheimilisins og þátttöku vistmanns í greiðslu dvalarkostnaðar, sbr. 21. og 22. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða daggjöld samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Innifalin í daggjöldum samkvæmt reglugerð þessari er hvers konar þjónusta, sem vistmönnum er látin í té á stofnunum, sbr. reglugerð nr. 422/1992 um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu og skilmálablöð skv. 7. gr. reglugerðar nr. 1033/2004 um Framkvæmdasjóð aldraðra.

4. gr.

Húsnæðisgjald vegna viðhalds.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða gjald til að mæta viðhaldskostnaði húsnæðis sem nýtt er til reksturs á dagvistunar-, dvalar- og hjúkrunarrýmum. Gjaldið árið 2008 er 2.404 kr. á m² á ári og reiknast að hámarki á 60 m² á hvert hjúkrunar- og vistrými að meðtöldu sameiginlegu rými og að hámarki 30 m² á dagvistunarrými að meðtöldu sameiginlegu rými. Gjaldið reiknast aldrei á stærra rými en sem stærð húsnæðisins nemur.

Húsnæðisgjaldi er ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis en ekki stofnkostnaði, afskriftum og meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæði.

5. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almanna-tryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2008. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 1092/2006 um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2007.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 21. desember 2007.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Vilborg Þ. Hauksdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2007